

GUÐNI GUÐJÓNSSON

mag. scient.

MINNINGARORÐ

Þau harmsáru tíðindi urðu heyrinkunn að morgni gamlársdags, að Guðni Guðjónsson grasafræðingur væri látinn. Gláður og reifur vann hann með samstarfsmönnum sínum daginn áður að flutningi náttúrugripasafnsins í ný húsakynni. Kenndi hann sér þá skyndilega meins og var strax fluttur á spítala. Ekki varð neinum lækningum við komið, og lézt hann af hjartabilun aðfaranótt gamlársdags. Með honum er fallinn í valinn víðmenntaðasti grasafræðingur okkar, sem þegar hafði sýnt, að af honum mátti vænta heilladrjúgs starfs í þágu íslenskra náttúruvísinda.

Íslands
óhamingju
verður allt að vopni;
eldur úr iðrum þess,
ár úr fjöllum
breiðum byggðum eyða.

Ævi Guðna Guðjónssonar er tengd tveim höfuðborgum, Reykjavík og Kaupmannahöfn. Hann fæddist í Reykjavík 18. júlí 1913 og lauk skólanámi við Menntaskólann tuttugu árum síðar, vorið 1933. Þegar um haustið það ár sigldi hann til Hafnar og dvaldist þar samfelt í 15 ár, fyrst við nám, en síðan við framhald þeirra rannsókna, er hann hóf á stúdentsárum sínum.

Síðastliðið sumar fluttist hann búferlum til Reykjavíkur og var með kappi og sjálfstrausti þroskaðs vísindamanns að hefja nýjan áfanga í starfi sínu og lífi. Vinum hans þótti öllum giftusamlega horfa um framtíð hans og þeirra rannsókna, er honum var ætlað að veita forstöðu.

Guðni var sonur hjónanna Guðnýjar Guðnadóttur og Guðjóns

Höfundur: Hermann Einarsson

Náttúrufræðingurinn, 1949, 19. árg, 1 hefti, bls: 1-5

Sigurðssonar járnsmíðameistara, og eru ættir þeirra hjóna úr Rang-árvallasýslu. Guðni var tvíburi, og er bróðir hans, Sigurður, starfsmaður hjá h. f. Djúpavík. Þeir bræður voru mjög samrýndir, og héldu þeir 35 ára afmæli sitt hátíðlegt á Djúpavík síðastliðið sumar, en höfðu þá ekki komið slíku við í 15 ár.

Guðni kvæntist um páska 1947 Álfheði Kjartansdóttur (Ólafssonar, bæjarfulltrúa í Hafnarfirði). Eignuðust þau eitt barn, Sigrúnu, sem fæddist í marz 1948.

Ég hafði ekki nán kynni af Guðna í Menntaskóla, enda vorum við ekki bekkjarbræður. En margt höfðum við saman að sældu, því að hann var með ólötustu mönnum og því oft kvaddur til framkvæmda í félagsskap nemenda. Þar komu strax fram tveir meginþættir í skapferli hans, en það voru drengskapur og ósérhlífni. Umstangi og vafstri tók hann með sérstakri lipurð og glaðlyndi, og þótti því öllum gott að vinna með honum.

Hugðarefni átti hann mörg í skóla. Ásamt rektor var hann einn af hvatamönnum áhugaflokksins um bókmenntir, sem stofnað var til á þessum árum, og hafði mikið yndi af íslenskum skáldskap. Hann tók þátt í leiksýningum skólanemenda og þótti þar takast með ágætum. En síðast og ekki sízt var íslensk náttúra hugðarefni, sem hann tók ástfóstri við, og gróðurríki landsins tók hann að kynna sér þegar á skólaárum sínum. Eftir það voru engar vöflur á honum, hvað hann skyldi taka sér fyrir hendur að stúdentsprófi loknu.

Litla örvun fengu þeir stúdentar í veganesti, sem héldu til annarra landa á árunum milli heimsstyrjaldanna til þess að nema náttúrufræði. Fastar stöður í þeirri fræðigrein voru þá því nær óþekktar, og það þurfti bjartsýni til að hafa að engu úrtölur skammsýnni manna. Guðni var gæddur þessari bjartsýni og sigldi til Hafnar strax um haustið 1933. Var hann þá staðráðinn í að nema grasafræði.

Í Kaupmannahöfn var félagslíf þá í miklum blóma, og var það mjög að skapi Guðna. Nám var stundað sómasamlega, en af engu ofurkappi fyrstu árin. Margt var að sjá og kera, og í vinalópi var Guðni hrókur alls fagnaðar. Hann hafði alltaf eitthvað fyrir stafni. Auðnuleysislegt aðgerðarleysi, sem hrjáir suma landa erlendis, meðan þeir eru að kynnast nýjum mönnum og nýjum þjóðháttum, varð Guðna aldrei að neinu fótakefli. Hann kynntist samlöndum og einnig Dönnum, bæði fljótt og vel.

Brátt hlóðust á hann ýmis störf í félagsskap Íslendinga í Kaupmannahöfn. Í stjórn Íslendingafélagsins var hann um alllangt skeið og var einn frumkvöðull róðrarfélagsins, sem veitti stúdentum marga ánægjulega kvöldstund á Eyrarsundi. Að loknu námi hlaut hann vist á Borchs Collegium, sem ætlað er kandidötum, er hyggja á framhaldsnám í fræðigrein sinni, og þar bjó hann til ársins 1947. Á öðru vistarári var hann kosinn umsjónarmaður og síðan hvað eftir annað. Hef ég það fyrir satt, að úr ýmsum vanda hafi hann leyst fyrir vistbræður sína á hernámsárunum, enda skall oft hurð nærri hælum.

Þegar Íslendingar flyktust heim að stríði loknu, varð Guðni eftir, því að hann var bundinn þar við rannsóknarstörf um skeið. Varð hann nú til þess að veita stúdentafélaginu forstöðu. Hann brúaði djúp ð milli eldri og yngri kynslóðarinnar og hélt við þeim erfðum, sem saga stúdentafélagsins hefur skapað í Kaupmannahöfn.

Guðni var tryggur vinur og góður félagi. Hef ég engan mann þekkt hjálpsamari, bæði kunnugum og ókunnugum. Hann hafði alltaf tíma til að leiðbeina íslenskum ferðamönnum og hjálpa, ef veikindi steðjuðu að. Greiðasemi hans munu margir muna.

Vandvirkni og þolinmæði einkenndu öll störf Guðna. Hann var ekki fljótvirkur, nema nauður ræki til, en þá hef ég fáa vitað afkastameiri. Eins og mörgum Íslendingum, var honum tamt að vinna í skorpum og unni sér þá hvorki matar né svefns.

Sumarið 1937, er við vorum báðir að lesa undir fyrrihlutapróf, safnaði hann plöntum af miklu kappi. Í þeim tilgangi fórum við á reiðhjóli um Jótland allt og eyjarnar. Það var unun að sjá Guðna handleika jurtasafn sitt. Þar var regla í hvívetna, og ekki var hann í rónni, eftir að við komum úr þessum leðangri, fyrr en safnið var allt límt upp og hver planta hafði verið greind. Seinna safnaði hann einnig talsverðu af plöntum í Noregi, og þegar honum bauðst þátttaka í grasaleðangri danskra samstarfsmanna til Grænlands, tók hann því boði strax, til þess að geta safnað þar plöntum í grasasafnið í Reykjavík.

Hann hafði alltaf hugann við framtíðarstarf sitt á Íslandi, þótt óráðið væri með öllu, hvaða stöðu hann fengi. Hann hafði óbilandi trú á framtíð íslenzkra náttúruvísinda, og ber gleggst vitni um það ritgerð, er hann birti á stríðsárunum í tímaritinu „Fróni“ um „Rannsóknir á náttúru Íslands“. Í ritgerð þessari telur hann það stafa fremur af vanþekkingu og viljaleysi en getuleysi, að íslenzkar

náttúrurannsóknir hafa átt við kröpp kjör að búa. Hann eggjar íslenzka menntamenn til nýrra átaka og ritar: „... megum við aldrei gleyma, og það verður aldrei fullbrýnt fyrir íslenzkum stjórnarvöldum, að það er einn höfuðþáttur í tilverurétti íslenzkrar menningar og um leið íslenzks sjálfstæðis, að við höfum sjálfir meginhluta rannsóknanna á náttúru landsins í okkar höndum. Við verðum að gera okkur fyllilega ljóst, að það er hégómi að hafa dýr sendiráð út um lönd, til þess að sýna sjálfstæði Íslands, ef við afsönnum samtímis rétt okkar til sjálfstæðis með því að láta höfuðritin um náttúru landsins birtast í öðrum löndum undir stjórn erlendra manna.“

Hann sá þá ósk sína rætast, að stjórnarvöldin sýndu náttúruvísindunum meiri rausn en tíðkaðist þá, er hann ritaði þetta. Honum var sjálfum veitt forstaða grasadeildar Náttúrugripasafnsins um áramót 1948. Um langt skeið hafði hann borið fyrir brjósti framtíð þessa safns, eins og sést af þátttöku hans í Grænlandsleiðangrinum. Skýrast kom það í ljós, þegar Grasadeildinni barst hin höfðinglega gjöf próf. Skottsbergs, um 5000 tegundir norrænna jurta. Það var mest fyrir hans frumkvæði, að safninu hlotnaðist þessi nytsamlega gjöf. Það var hrifning í svip hans, er hann fyrir skömmu sýndi gestum feng þennan, og þá grunaði engan, að ævi hans væri sem öll.

Það var orðið augljóst, að Guðni var gæddur beztu eiginleikum safnvarðar: snyrtimennsku og reglusemi. En meginstarfsemi hans hafði fram að þessu beint að öðrum viðfangsefnum grasfræðinnar, sérstaklega erfðafræði, sem hann hafði unnið að árum saman. Þar voru honum aðrir eiginleikar gefnir, sem rit hans bera fagan vott um, en það voru glöggskyggni og frábær þolinmæði.

Fyrsta vísindalega rit hans birtist árið 1941 og heitir „Om *Aphanes arvensis* L. og *A. microcarpa* (Boiss. et Reut.) Rothm. og deres Udbredelse i Danmark“. Ritgerð þessi, um tegundir skyldar marfustakki, byggist á rannsóknum, er hann gerði á ferðalögum um Danmörku sumarið 1939, en hann kemur hér líka inn á mjög erfiðar rannsóknir á vefjum og ákveður kromósómfjölda þeirra, sem hafði verið torleyst þraut, vegna smæðar kromósómanna.

Magistersprófi í grasfræði lauk Guðni vorið 1943 og skilaði þá til prófs viðamikilli ritgerð um tegundahugtakið, og hvernig grasfræðingar hafa skilið það í einstökum tilfellum. Þessi ritgerð hefur ekki birzt á prenti.

Þegar hér var komið, var hann byrjaður á samstarfi við dr. Thor-

vald Sørensen, danskan grasfræðing, um rannsóknir á túnfíflum. Birtist fyrsti árangurinn af starfi þeirra í ritgerð, er þeir nefna „Spontaneous Chromosome-Apperrants in Apomictic Taraxaca“, og kom hún út árið 1946.

Rannsóknir þessar beinast að því einkennilega fyrirbæri hjá túnfíflum, að kímíð myndast án undanfarandi frjóvgunar (við apómixis). Allir afkomendur vissrar plöntu ættu þess vegna að hafa nákvæmlega sömu erfðaeiginleika og því líkjast mjög að öllu ytra útliti. Dr. Thorvald Sørensen tókst að finna ýmis afbrigði meðal afkomenda sömu plöntu, er voru allólík að ytra útliti. Guðni vann nú það verk að sýna, að breytingar hefðu átt sér stað í krómósómfjölda afbrigðanna, og skýra, eftir hvaða reglum þessi afbrigði mynduðust.

Það torveldaði starfið mjög, hvað krómósómín eru óvenjulega lítil hjá túnfíflum. En þolinmæði Guðna yfirvann þá þraut. Vikum og mánuðum saman sat hann við smásjána og skoðaði og teiknaði krómósómín. Smám saman fór hann að þekkja hvert einstakt, og loks gat hann glögglega sýnt, í hverju breytingarnar voru fólgnar.

Rannsóknnum þessum hélt Guðni síðan áfram, og liggja eftir hann mikil gögn, sennilega að mestu leyti fullunnin. Var ætlun hans sú að semja um þessar rannsóknir doktorsritgerð, og má ætla, að það hefði orðið merkilegt rit, því að viðfangsefnið grípur inn á þau svið erfðafræðinnar, sem eru grundvöllur að skilningi vorum á myndun tegunda í náttúrunni.

Vér sjáum á bak efnilegum vísindamanni, sem búinn var að taka ákveðna stefnu í starfi sínu. Með drengilegri framkomu og einurð hafði hann áunnið sér traust og vinfengi starfsbræðra og annarra, sem bera hag náttúruvísindanna fyrir brjósti. Skarðið eftir slíkan mann stendur nú ófullt og verður vandfyllt, en

Hver, sem vinnur landi og lýð,
treysta skal, að öll hans iðja
allt ið góða náí að styðja
þess fyrir hönd, er hóf hann stríð.

Hermann Einarsson.



Guðni Guðjónsson, mag. scient.